

LÖG

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987
(ábyrgðar- og slysatryggingar).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

- a. Í stað „250.000.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 1.000 millj. kr., og í stað „50.000.000 kr.“ kemur: 175 millj. kr.
- b. Í stað „Tryggingaæftirlitsins“ í 3. mgr. kemur: Vátryggingaæftirlitsins.

2. gr.

92. gr. laganna orðast svo:

Auk ábyrgðartryggingar skv. 91. gr. skal hver ökumaður sem ökutækinu stjórnar tryggður sérstakri slysatryggingu, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 2. mgr. 90. gr.

Vátryggingin skal tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr.

Slasist vátryggingartaki sem farþegi í eigin ökutæki eða af völdum þess skal hann eiga rétt til bóta úr vátryggingu þessari, enda verði líkamstjónið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr.

Vátryggingin skal tryggja hverjum tjónþola bætur allt að 75 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Vátryggingarfjárhæðin skal breytast í samræmi við reglu 3. mgr. 91. gr. Vátryggt skal hjá sama vátryggingafélagi og ábyrgðartryggir ökutækið.

Ef tjónþoli á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum þessum eða öðrum skaðabóta-reglum lækka bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998. Jafnframt fellur úr gildi ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 48 22. maí 1997.

Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Forsteinn Pálsson.